

Starfskjarastefna

1. TILGANGUR

Starfskjarastefna Vinnslustöðvarinnar hf. miðar að því að gera starf hjá Vinnslustöðinni hf. eftirsóknarvert. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum.

2. STARFSKJÖR STJÓRNARMANNA

Þóknun til stjórnarmanna og varamanna skal ákveðin á aðalfundi ár hvert og skal þóknunin taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

3. STARFSKJÖR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi, þar á meðal föst laun, árangurstengdar greiðslur, kaupréttur, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur, svo og, eftir atvikum, eftirlaunaréttindi og greiðslur við starfslok.

4. STARFSKJÖR STJÓRNENDA

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda félagsins, sem nánar skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningum, skulu einnig taka mið af sjónarmiðum 3. gr. eftir því sem við á.

5. ENDURSKOÐUN STARFSKJARASTEFNU OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund félagsins til samþykktar eða synjunar.

Á aðalfundi ber stjórn að gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félagsins auk þess að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar. Frávik frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar.

Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársreikningi félagsins.

Samþykkt á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar þann 4. apríl 2024